

Fundur 16.10.2023 Matthías Jochumsson.

Komið þið blessaðir og sælir allir fundargestir.

*Komdu blessaður.*

Ánægjulegt að tala við ykkur aftur og mikil er orkan hér í framlífi og viljum við gjarnan miðla henni til ykkar og miklar eru framfarirnar og þykir mér það merkilegt að hér er auðvelt að fá það sem líkaminn þarfnast og andinn þarfnast og mun ég nú ekki lengur þurfa að sinna bústörfum eins og ég gerði fyrst um sinn, heldur er ég kominn í ný heimkynni og geti hér farið að sinna andans málum af enn meiri krafti og hjálpa fólki af enn meiri dugnaði og stilla saman Íslendinga á þeim fjölmörgu hnöttum sem við vitum til og segja þeim hvernig hægt er að vaxa og dafna fram til enn gæfuríkara lífs en verið hefur áður.

Já, það var mér mikill skóli að koma fram á fyrstu framlífsjörð minni og segja má að ég hafi endurmenntað mig og gjörbreytt um lífsskoðun og lífsstefnu og

*Þú átt við framlífsjörð?*

Já fyrstu framlífsjörð, sagði ég eitthvað annað?

*Þú sagðir framlífsjörð.*

Já ég hef þá ekki, það hefur eitthvað slegið saman, ha ha.

Það er eins og orðin sem ég segi þurfi að endurskapa og fram komi truflandi áhrif frá mínum fyrri húsbónda Jahve og einhver röskun verður þá, þakka ég fyrir að hafa leiðrétt mig, framlífsjörð átti það að vera já.

*Þú ert nú allur að eflast?*

Já þakka ég fyrir, ég hef nú verið öflugur lengi og er hér orðinn enn öflugri, já ég var í þjónustu Jahve, ég átti við á gömlu jörðinni ykkar.

*Já já.*

Það er nú allt breytt.

*Það eru næg verkefni?*

Já, ég ætlaði að segja frá því að ég er nýkominn fram á annarri framlífsjörð minni, svo þetta sé rétt orðað.

Og ég stundaði búskap á fyrstu framlífsjörð minni, já ég ætti nú að kunna þetta, ég dó nú að vísu áður en dr. Helgi hóf starf sitt að fullu og veitti ég þessu ekki mikla athygli meðan ég lifði, en veitti ég þessu þeim mun meiri athygli á fyrstu framlífsjörð minni sem að ég er nú tiltölulega nýkominn frá.

Og endurmenntaði mig og tók nýja lífsskoðun, mér fannst svo, það var lagt að okkur að halda áfram með búrekstur til að hafa jarðtengingu, meðan öll þau áhrif mundu dynja á okkur, um það hvernig við ættum að haga lífi okkar.

Og hef ég að minnsta kosti einu sinni talað til ykkar frá þessum hnetti og talaði ég til áður frá gamla framlífshnettinum mínum og var það í gegnum annan miðil.

Er ég hér öflugri og á auðveldara með að svífa og fer brátt að koma að því að maður fer alveg að sleppa því að borða, en maður heldur áfram að setja inn fyrir varirnar ljúfengan og hressandi vökva úr jurtaríkinu, það eflir og glæðir og maður borðar öðru hverju, þegar eitthvað eflandi og gott manni er boðið.

En vona ég að þessi líkami endist eins vel og sá gamli og haldist hraustur og býst ég nú við því.

Já finnst mér það svo gaman að frá þessu nýja heimili mínu hef ég enn betra útsýni yfir byggðina en áður og er hér styttra í stjörnusambandsstöðina og hef ég enn meiri áhuga á því að vera virkari í þessum málum en áður.

Já þær breytingar urðu á mér á fyrsta framlífs hnetti mínum að ég kastaði trúnni, gömlu kristninni og hafði ég verið prestur og kynnti ég mér gömlu trúarbrögðin, Ásatrúna og annað slíkt.

Og hefur það gefist mér vel, og er ég hér að mestu í þjónustu við Guðinn Baldur og hefur það verið mikil þroska ganga, mikill lærdómur, áhugavert og eflandi.

Og hef ég einnig haldið áfram að skrifa og vilja þeir að maður messi yfir sig, það finnst þeim neikvætt orðalag, en það er í góðu lagi að halda ræður og innblásnar ræður frá hugðarefnum sínum og efla fólk í þeirri trú sem er hér ríkjandi.

Matthías Jochumsson.

*Já já. Gaman að heyra í þér, vertu velkominn.*

Já er ég hér orðinn öflugur í framlífi.

*Og ert alltaf að yrkja er það ekki?*

Já, já, og hefur sumt af því orðið fleygt og fólk lærir það og gleður mig, já það eru svo margir Íslendingarnir sem ég hef samband við að já var mjög undir áhrifum frá Jónasi frá Hríflu um tíma og gróf landsvæðið og já ég, jæja það er eitthver tregða á sambandinu en mikið er gaman að komast í sambandið við ykkur.

Býst ég við að afkomendur mínir séu orðnir margir á gömlu jörðinni og mega þeir vita að ég hélt unglegu útliti í áratugi á fyrstu framlífsjörð minni og er ég hér hamingjusamur.

Hafa konurnar orðið fleiri og börnin og orðinn all stór garður, frændgarður, ættin, ættstofninn.

Og fannst mér það mikil frelsun að losna undan kristinni trú og var mér strýtt á því af nokkrum kunningjum mínum að ég væri að taka upp mormónatrú, ha ha,

*Já að eiga margar konur?*

Já ekki allar á sama tíma að vísu ha ha,

*Hefur þú ekki verið svona leiðbeinandi fyrir þá sem vilja vita meira?*

Já ég vann við það í mörg ár á gömlu jörðinni að tala við gamla fólkið sem kom fram ungt og lýsti fyrir þeim hvernig það gæti sætt sig við það að missa gömlu trúna og taka upp nýja trú, að vísu gamla trú og hvernig það gæti kynnst ólíkum ættingjum sínum á framlífsjörðum sem hafa mismunandi ævireynslu, lífsreynslu og sem hafa á löngum tíma, æviskeiðum í framlífi, hafa tekið upp ólíka siði og trúarbrögð.

Já ég vil gjarnan segja frá því síðar, finn að orkan er að minnka, hún kemur í bylgjum, en ég þakka kærlega fyrir og við getum sent ykkur orku og munum halda því áfram, hér er mikil orkan og munum ekki gleyma ykkur.

Og margir Íslendingar sem gætu fengið orku frá okkur, ég kveð ykkur að sinni verið þið sælir og þakka fyrir.

*Við þökkum þér fyrir, vertu sæll.*